

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu og sorpurðun í Hveragerðisbæ.**

1. gr.

*Almennt.*

Gjöld fyrir sorphirðu og sorpurðun eru lögð á árlega og innheimt samhliða fasteignaskatti.

2. gr.

*Sorphirðugjald.*

Sorphirðugjald er 15.400 kr. á hverja íbúðareiningu.

3. gr.

*Sorpurðunargjald.*

Sorpurðunargjald er 21.500 kr. á hverja íbúðareiningu.

4. gr.

*Aukatunnur.*

Innheimtar eru 30.800 kr. fyrir hverja „gráa“ tunnu. „Grænar“ tunnur eru gjaldfrjálsar en ekki er miðað við fleiri en eina slíka aukatunnu við hverja íbúðareiningu.

5. gr.

*Annað.*

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Hveragerði nr. 342/2010 og 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 með síðari breytingum um hollustuhætti og mengunarnáminir og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur gjaldskrá um sorphirðu og sorpurðun í Hveragerðisbæ nr. 1360/2018 úr gildi.

Þannig samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar við síðari umræðu þann 12. desember 2019.

*Hveragerði, 13. desember 2019.*

**Aldís Hafsteinsdóttir** bæjarstjóri.